

Tilmæli um innri stjórnarhætti gefin út



mbl.is/Ómar Óskarsson

Fjármálaeftirlitið hefur gefið út leið leiðbeinandi tilmæli um innri stjórnarhætti fjármálafyrirtækja. Tilmælunum er ætlað að samræma viðmið og vinnubrögð fjármálafyrirtækja með tilliti til stjórnarháttanna.

Í þeim er að finna heildstætt yfirlit yfir þær kröfur sem Fjármálaeftirlitið gerir til innri stjórnarháttanna fjármálafyrirtækja. Jafnframt veita tilmælin yfirsýn yfir brýnustu verkefni stjórnar, sem Fjármálaeftirlitið leggur áherslu á að sé sinnt af kostgæfni. Tilmælin eiga erindi við stjórnarmenn fjármálafyrirtækja og stjórnendur sem koma að daglegum rekstri þeirra.

Tilmælin byggja á viðmiðunarreglum frá Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni sem var ætlað að taka á veikleikum í starfsemi evrópska fjármálafyrirtækja í kjölfar alþjóðlegu bankakreppunnar 2008 til 2009. Í þeim segir að gjaldþrot margra evrópskra banka hafi leitt í ljós að sams konar vandkvæði voru til staðar í þessum fyrirtækjum og sneru þau í mörgum tilvikum að stjórnarháttum fyrirtækjanna.

Ætlað að skýra 54. gr. laga um fjármálafyrirtæki

Leiðbeinandi tilmælum FME um innri stjórnarhætti fjármálafyrirtækja er ætlað að skýra nánar og útfæra þær skyldur sem kveðið er á um í 54. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

Samkvæmt lagagreininni ber stjórn fjármálafyrirtækis ábyrgð á starfsemi og stefnumótun þess, svo og áhættustefnu og að til staðar sé virkt kerfi innra eftirlits sem samræmist ákvæðum laga og reglum settum með stoð í þeim.

Stjórn ber ábyrgð á að fullnægjandi eftirlit sé viðhaft með bókhaldi og að meðferð fjármuna félagsins sé í samræmi við lög og reglur sem um starfsemina gilda. Stjórnin ber jafnframt ábyrgð á að stjórnarhættir og innra skipulag stuðli að skilvirkri og varfærinni stjórn fyrirtækisins, aðskilnaði starfa og að komið sé í veg fyrir hagsmunaárekstra.